

**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR  
SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS HF. 2011**

**HALDINN AÐ HAFNARSTRÆTI 53, AKUREYRI, OG SKRIFSTOFU SAGA  
FJÁRFESTINGARBANKA AÐ HÖFÐATORGI, 14. HÆÐ, REYKJAVÍK**

**FIMMTUDAGINN 30. JÚNÍ KL. 16**

Gunnar Þór Gíslason formaður stjórnar setti fundinn. Formaður gerði ennfremur að tillögu sinni að Ólafur Rúnar Ólafsson hdl. yrði kjörinn fundarstjóri og Vilhjálmur Bergs yrði kjörin fundarritari og voru engar athugasemdir gerðar. Gunnar lýsti fundinn settan.

Fundarstjóri kannaði lögmati fundarins og lýsti því yfir að hann væri löglega boðaður, mætt væri fyrir nægjanlegan fjölda hluta, eða 57,81 %, og hann því lögmaður til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru.

Fundarstjóri lagði til að liðir 1-3 yrði afgreiddir saman.

Fundarstjóri bauð formanni stjórnar orðið.

**1. SKÝRSLA STJÓRNAR UM STARFSEMI SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS Á ÁRINU 2010**

Formaður bauð fundargesti velkomna og gerði grein fyrir rekstri félagsins á árinu 2010.

Formaðurinn fór síðan yfir rekstur samstæðunnar á árinu 2010. Hann gerði grein fyrir uppsögnum og mannbreytingu, en á árinu var ráðinn nýr forstjóri og þá var einnig skipt um stjórnarformann. Þá gerði hann grein fyrir færslu höfuðstöðva til Reykjavíkur og lokun þeirra á Akureyri. Þá fjallaði hann almennt um stöðu bankans, hluthafa og stöðuna gagnvart ESÍ, kröfuhafa Hildu hf.

Af því loknu gaf hann Hersi Sigurgeirssyni forstjóra orðið. Forstjórinn fór yfir helstu atriði úr rekstrarreikningi Saga Fjárfestingarbanka. Rakti forstjórinn helstu niðurstöður rekstrarreikningsins.

Því næst fjallaði forstjórinn um efnahagsreikning félagsins sem samanstendur af rúmlega 90 % eignarhlut í Saga Fjárfestingarbanka og fór hann því næst yfir eignir bankans. Þá fór hann yfir eiginfjárstöðu bankans en eiginfjár hlutfall er 19,7 %. Vísaði forstjórinn að því loknu í ársskýrslu og ársreikning Saga Fjárfestingarbanka.

Að því loknu þakkaði forstjórinn hljóðið og gaf fundarstjóra orðið.

**2. ENDURSKOÐAÐUR ÁRSREIKNINGUR SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS FYRIR ÁRIÐ 2010 LAGÐUR  
FRAM TIL STAÐFESTINGAR**

Því næst voru reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðanda.

Stjórn félagsins lagði til að framlagður endurskoðaður ársreikningur yrði samþykktur.

Greidd voru atkvæði og var tillagan samþykkt einróma.

**3. ÁKVÖRDUN UM MEÐFERÐ TAPS Á ÁRINU 2010**

Stjórn SE lagði til að ekki yrði greiddur arður til hluthafa fyrir starfsárið 2010 og að tap verði fært til lækkunar á eigin fé.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögunni og bauð orðið frjálst. Engin óskaði eftir að taka til máls.

Var reikningurinn því næst samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Jafnframt samþykkti fundurinn tillögu stjórnar að greiða ekki arð og að tap verði fært til lækkunar á eigin fé.

**4. BREYTING Á LÖGHEIMILI FÉLAGSINS, SBR. 2. GR. SAMÞYKKTÁ FÉLAGSINS**

Lagt er til að nýtt heimili félagsins skv. 2. gr. samþykktá félagsins verði að Höfðatorgi, 14. hæð, Reykjavík.

Tillagan er samþykkt með tilskyldum 2/3 hluta atkvæða. Mótatkvæði voru greidd gegn tillögunni.

**5. TILLAGA UM AÐ AFGREIÐSLU EFTIRFARANDI MÁLA VERÐI FRESTAÐ TIL FRAMHALDSAÐALFUNDAR SEM HALDINN VERÐUR FIMMTUDAGINN 28. JÚLÍ NK. KL. 16.00:**

- a) Stjórnarkjör
- b) Kosning endurskoðunarfélags
- c) Þóknun stjórnar og endurskoðunarfélags
- d) Starfskjarastefna félagsins

Boðað verður til framhaldsaðalfundarins í samræmi við samþykktir félagsins. Forstjóri gerði grein gerð fyrir tillögunni f.h. stjórnar.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

**6. TILLAGA UM AÐ STJÓRN FÉLAGSINS OG ENDURSKOÐANDI FÉLAGSINS HALDI UMBOÐI SÍNU FRAM TIL FRAMHALDSAÐALFUNDAR.**

Lagt er til að umboð núverandi stjórnar verði framlengt til framhaldsaðalfundar, en þá skal kosning nýrrar stjórnar fara fram. Jafnframt er lagt til að endurskoðandi haldi umboði sínu til sama tíma.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

**7. ÖNNUR MÁL**

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum.

Fundarstjóri gaf orðið laust og bað Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson um orðið. Þorvaldur þakkaði hluthöfum samstöðu og baráttuhug og óskaði starfsmönnum velfarnaðar og góðs gengis. Þá fór hann yfir starfslok sín hjá bankanum og taldi að

Það hafi verið bankanum fyrir bestu. Óskaði bankanum að því loknu velfarnaðar og þakkaði hluthöfum og starfsfólki gott starf.

Að lokum lagði fundarstjóri til að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð og var það samþykkt án andmæla. Þakkaði fundarstjóri fundarmönnum samstarfið á fundinum.

Því næst frestaði fundarstjóri fundi og auglýstum fundarstörfum kl. 16.30.

**FUNDARSTJÓRI**

**FUNDARRITARI**

**STAÐFESTING FULLTRÚA SEÐLABANKA ÍSLANDS Á FUNDARGERÐ**